

Skólaráð Hlíðaskóla

Fundur haldinn 31.3.2022 kl. 8:00

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Brynja Blumenstein, Eyrún Ólafsdóttir, Daniela Gramata, Birkir Már Sævarsson, Þórey Björk Sigurðardóttir.

Táknmálstúlkur.

Fundarritun: Svanhildur Þorsteinsdóttir.

Dagskrá

1. Skóladagatal 2022-2023

Skóladagatal lagt fram og samþykkt.

2. Símalaus skóli

Fyrirspurn barst frá stjórn foreldrafélags um hver væri staðan á því að gera skólann símalausan:

„Foreldrafélaginu hefur borist upplýsingar um að börn sem eiga erfitt með að lesa/eru ólæs og þar sem grunur er um lesblindu þurfi að bíða lengi eftir greiningu, í mörg ár – jafnvel þótt Hlíðaskóli hafi tök á að greina lesblindu í Lesveri, eða a.m.k. var það staðan fyrir einhverjum árum síðan. Hvaða úrræðum er beitt í þannig tilvikum og hvenær er gripið inn í? Hvaða aðstoð fá börn sem eru enn ólæs í 3. bekk en skilja lesinn texta?“

Tafir hafa orðið á undirbúningi þessa máls vegna covid. Skólaráð ræðir um tímasetningar og leggur til að dagurinn verði 11.11.2022. Tímasetning verður endanlega ákveðin á næsta fundi skólaráðs. Ákveðið að setja á stofn vinnuhóp sem sér um undirbúning og innleiðingu verkefnis um símalausan skóla. Í hópnum verði auk skólástjóra, tveir kennarar (af mið- og unglíngastigum), tveir nemendur (af unglíngastigi) og tveir foreldrar. Tryggja þarf samstöðu með víðtæku samráði. Mikilvægt að reglur verði skýrar frá upphafi og þeim fylgt eftir. Hefja þarf kynningu á málinu sem allra fyrst. Mun hefjast á því að skólástjóri fer inn í alla bekk og kynnir stuttlega fyrir nemendum ásamt því að senda kynningarpóst á foreldra. Nánari útfærsla verði í höndum vinnuhóps.

3. Lestrarferfiðleikar og lesblinda

Fyrirspurn barst frá stjórn foreldrafélags varðandi lestrarörðugleika/lesblindu.

„Foreldrafélaginu hefur borist upplýsingar um að börn sem eiga erfitt með að lesa/eru ólæs og þar sem grunur er um lesblindu þurfi að bíða lengi eftir greiningu, í mörg ár – jafnvel þótt Hlíðaskóli hafi tök á að greina lesblindu í Lesveri, eða a.m.k. var það staðan fyrir einhverjum árum síðan. Hvaða úrræðum er beitt í þannig tilvikum og hvenær er gripið inn í? Hvaða aðstoð fá börn sem eru enn ólæs í 3. bekk en skilja lesinn texta?“

Það matstæki sem er notað til að greina lesblindu hér á Íslandi er LOGOS. Sérkennslukennari Hlíðaskóla hefur réttindi til að nota það.

Það er hægt að skima fyrir dyslexiu með því matstæki í lok 3. bekkjar.

Prófið sem er lagt fyrir er gert í tveim hlutum og þarf tími að líða á milli. Ef nemandi er með raskanir eins og ADHD eða hegðunarferfiðleika getur reynst erfitt að leggja pófið fyrir hann.

Í 6. bekk er svo aftur hægt að leggja fyrir LOGOS próf og eru vanalega betri niðurstöður sem fást úr því en það er líka lagt fyrir í tveim pörtum.

Strax í upphafi skólagöngu fylgja gögn frá leikskóla hvernig stafainnlögn gekk og hvort HLJÓM var lagt fyrir og hverjar niðurstöður voru. Talmeinafræðingur skimar alla nemendur og leggur fyrir málþroskamat í þeim tilfellum sem þess þarf. Lesferill lestrarpróf er lagt fyrir 3 sinnum yfir veturinn og niðurstöður úr því geta gefið vísbendingar um vanda. Skólinn notar líka þætti úr Aston index greiningarprófinu.

Nemendum sen glíma við vanda í lestri er mætt með sérkennslu, aðlöguðu efni og stuðningi í bekkjartíma. Það er lagt upp með að aðstoða börn um leið og vart verður um vanda hjá þeim. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg og unnið er út frá því. Kennarar þekkja þá prófþætti sem lagðir eru fyrir í LOGOS og geta unnið með með þá þrátt fyrir að niðurstöður um skimun liggji ekki fyrir.

Fylgst er með framförum allra nemenda og samvinna við foreldra skiptir miklu máli.

Dæmi um þætti sem er skimað eftir; hlustunarskilningur, lesskilningur, hljóðvitund og hugtakaskilningur.

Skólinn kannast ekki við að það sé bið eftir greiningum hjá þeim en vill gera betur ef svo er.

Ein ábending að fara vel yfir þá sem eru með greinda lesblindu og sjá hvort það sé ekki örugglega verið að styðja við þá nemendur.

Upplýsingar um lesblindu og lestrarerfiðleika er líka hægt að skoða inn á <https://www.lesblindir.is/um-lesblindu/greining/>

4. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn í lok apríl og þá verður m.a. rætt um fyrirspurn foreldrafélags um skólasund sem valfag.

Fundi slitið kl. 8:40